

Garðabæ, 20. október 2021
Mál nr. 1911163

Til bæjarráðs og fastanefnda Garðabæjar: Íþróttá- og tómstundaráðs, leikskólanefndar, menningar- og safnanefndar, skipulagsnefndar, skólanefndar grunnskóla, skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar, stjórnar Hönnunarsafns Íslands, umhverfisnefndar, öldungaráðs, ungmenningaráðs og samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

Efni: Lýðræðisstefna Garðabæjar til umsagnar

Meðfylgjandi eru drög að endurskoðaðri lýðræðisstefnu Garðabæjar ásamt drögum að viðaukum (aðgerðaráætlun, lög og reglugerðir, leiðir til að hafa áhrif).

Lýðræðisstefna Garðabæjar byggir á meginmarkmiðunum **þátttöku, þekkingu og þróun**. Stefnan tekur jafnframt mið af þeim undirmarkmiðum *Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna* sem Garðabær hefur valið sér til innleiðingar og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Í öðrum stefnum Garðabæjar líkt og jafnréttisstefnu, lýðheilsu- og forvarnastefnu, skólastefnu og þjónustustefnu eru áherslur og markmið sem tengjast lýðræðisstefnu bæjarins. Einnig var stuðst við handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð við gerð stefnunnar.

Lýðræðisstefnan var unnin af þverfaglegum starfshópi starfsmanna í samráði við fjölskylduráð Garðabæjar. Stefnan er hér með send til nefnda bæjarins til umsagnar þar sem nefndir bæjarins og nefndarmenn fá tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við lokaúrvinnslu stefnunnar áður en hún verður lögð fyrir bæjarstjórn Garðabæjar til samþykktar.

Óskað er eftir því að stefnan verði tekin til umfjöllunar á næsta nefndarfundum eða eigi síðar en 15. nóvember nk. Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri eða Sunna Stefánsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi geta mætt á nefndarfundum og greint frá stefnunni í stuttu máli og tekið niður þær athugasemdir/ábendingar sem varða stefnuna.

Jafnframt er óskað eftir hugmyndum nefnda og/eða nefndarmanna um aðgerðir/verkefni tengd stefnunni inn í aðgerðaráætlun stefnunnar.

Stefnan og fylgiskjöl verða jafnframt kynnt á vef Garðabæjar og á samráðsgátt þar sem íbúar geta sent inn ábendingar og athugasemdir við stefnuna.

Með kveðju,

f.h. fjölskylduráðs Garðabæjar

Almar Guðmundsson formaður fjölskylduráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.03.2026